



ALLT Á EINUM STAD

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

JÖKULL

1115. tbl - 24. árg.

23. maí 2024



Sjókayaknámskeið á Arnarstapa

Síðastliðin tvö ár hefur fyrirtækið Sea Kayak Iceland haldið málþing og æfingar á Arnarstapa um sjó kajaka iðkun. Markmið viðburðarins er að fræðast um íþróttina og upplifa nýjar aðstæður og umhverfi við iðkun hennar. Í ár voru 70 ræðarar mættir til að taka þátt í málþinginu sem stóð

yfir í þrjá daga, helgina 17.-20. maí. Þátttakendum voru skipt í hópa eftir getu og hóparnir tóku svo þátt í viðburðum sem hentuðu hverjum hópi fyrir sig.

Kolfinna Haraldsdóttir tók þessar myndir þegar hópurinn hélt út á miðin um helgina.

JJ

Undirrituðu samning um sorphirðu



Fyrirtækið Kubbur ehf. mun taka við sorphirðu og sorphirðingu í Snæfellsbæ þann 1. Júní næstkomandi. Samningur þess efnis var undirritaður í ráðhúsi Snæfellsbæjar 16. maí. Nýtt tunnukerfi verður innleitt í bæjarfélagið í framhaldinu en þá verða þrjár tunnur fyrir hvert hús. Tunnurnar eru ætlaðar plasti, pappa og almennu sorphi. Inni í einni tunnu verður

svokallað “tunna í tunnu“ kerfi og verður það fyrir lífrænt sorph. Málmar og gler verða í grenndarstöðvum víðsvegar um sveitarfélagið. Þetta fyrirkomulag verður kynnt betur fyrir íbúum þegar nær dregur. Á myndinni eru Kristinn Jónasson bæjarstjóri, Sigurður Óskarsson og Unnar Hermannsson fulltrúar frá Kubbur ehf. að undirrita samninginn í síðustu viku.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Vatnsrennibrautin opnuð

Eftir mjög langa og erfiða bið hjá ungmennum Snæfellsbæjar hefur nýja rennibrautin í sundlauginni loksins verið opnuð. Mikil vinna hefur farið í að setja vatnsrennibrautina upp og tengja hana en hún er sjö metrar á hæð og 54 metrar að lengd. Polin Waterparks er framleiðandi brautarinnar og var bæjarbúum fyrst tilkynnt um þessa nýju viðbót við sundlaugarsvæðið fyrir ári, í maí 2023. Ákveðnar reglur gilda um rennibrautina en börn undir 10 ára aldri eru á ábyrgð foreldra og börn undir 8 ára aldri þurfa að fara í fylgd með foreldrum í brautina. Til þess að fara án fylgdar þurfa börn einnig að hafa náð 120 sentimetra hæð. Mjög góð aðsókn hefur verið í sundlauginu eftir opnun rennibrautarinnar og mun hún án efa verða mikið notuð í sumar. Á myndinni eru Kristfríður og Matti við opnunina.

JJ



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Leiðrétting

Í síðasta tölublaði Jökuls var frétt um opið mót Sjósnae sem haldið var 10. og 11. maí.

Í greininni var farið yfir helstu úrslit en ranglega var farið með föðurnafn Bjargar Guðlaugsdóttur þar sem hún var sögð

Guðmundsdóttir.

Er beðist velvirðingar á þessu. Björg fékk m.a. verðlaun fyrir að vera aflahæsta konan á mótinu og á stigatöflu Íslandsmeistaramótsins er Björg í 1. sæti kvenna.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Þorsteinn á heimsmeistaramót



Þorsteinn Bárðarson, hjólagarður með meiru, keppti í The Gralloch 18. maí síðastliðinn. Um er að ræða úrtökumót fyrir UCI Gravel Heimsmeistaramótið í Belgíu í október. The Gralloch er erfið eins dags keppni þar sem hjólaði er 110 km á malarvegum í Galloway skógargarðinum í suð-vestur Skotlandi. Þorsteinn keppti í flokki 45-49 ára karla og kláraði fyrstur í sínum flokki, hann er því á leið á Heimsmeistar-

mótið í hjólreiðum á malarvegum þann 5. október í Leuven í Belgíu.

Þetta er ekki eina mótið í maí sem Þorsteinn tók þátt í, tíu dögum áður en hann hjólaði í mótinu í Skotlandi þá skellti hann sér í 340 km keppni í Girona Barcelona sem heitir Traka, hann hjólaði þá í 13 klst., hann náði ekki á pall í þeirri keppni en kláraði og verður það að teljast mjög góður árangur.

SJ

Afmælisvika 11. - 17. júní

Viltu taka þátt í að halda upp á 30 ára afmæli Snæfellsbæjar?



Snæfellsbær verður 30 ára 11. júní 2024.

Snæfellsbær fagnar þessum áfanga með afmælisviku sem hefst 11. júní og lýkur á þjóðhátíðardegi Íslands 17. júní.

Unnið er að dagskrá afmælisvikunnar og hvetjum við fyrirtæki, íbúa og félagasamtök sem vilja taka þátt í afmælisvikunni með einhverjum hætti að hafa samband við Kristfríði Rós Stefánsdóttur, íþrótt- og æslulýðsfulltrúa, fyrir frekari upplýsingar.

Netfang kristfridur@snb.is.



Farsældardagur í Borgarnesi

Þann 16. maí efndu Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi til Farsældardags Vesturlands í Borgarnesi. Fulltrúar sveitarfélaga á Vesturlandi og þjónustustofnana svæðisins komu saman í Hjálmakletti og og tóku þátt í áframhaldandi mótun á sameiginlegri velferðarstefnu á Vesturlandi. Til nokkurra ára hefur verið í gildi sameiginleg velferðarstefna á Vesturlandinu öllu og hélst sú stefna í gildi þegar lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi árið 2021. Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, mætti á svæðið og undirrituðu hann og Páll Snævar Brynjarsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, samning um svæðisbundið farsældarráð á Vest-

urlandi. Vesturland er þannig fyrsti landshlutinn til að sameinast um svæðisbundið farsældarráð og með samningnum skuldbinda Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi sig til að ráða í stöðugildi verkefnastjóra farsældar. Mun verkefnastjórinn samhæfa farsældarþjónustu í sveitarfélögum á Vesturlandi og koma svo á fót svæðisbundnu farsældarráði. Samkvæmt farsældarlögum eiga börn og foreldrar sem á þurfa að halda að hafa aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana en það heyrir undir skóla, barnavernd, heilsugæslu, lögreglu, íþrótt- og tómstundastarf og fleiri fagaðila að samræma vinnu sína að málefnum hvers barns. Ásmundur Einar sagði þá að markmiðið væri að brjóta niður múra

milli þjónustuaðila, stofnana og sveitarfélaga til að veita bestu þjónustuna á hverjum tíma og við hverjar aðstæður í þágu farsældar barna. Var þessi dagur í Borgarnesi hugsaður sem samstarfsvettvangur framlínufólks í velferðarþjónustu barna og skóla-

þjónustu á Vesturlandi með það að markmiði að efla tengslanet og staðbundna þekkingu innan málaflokksins. Í lok dags komu svo 22 aðilar að samningaborðinu og undirrituðu samstarfsyfirlýsingu um samráð gegn heimilisofbeldi á Vesturlandi.

SJ



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Bifreiðaverkstæði / Egis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Stóra upplestrarkeppnin á Snæfellsnesi

Stóra upplestrarkeppni 7. bekkjar á Snæfellsnesi fór fram miðvikudaginn 8. maí 2024

Nú nemendur öttu kappi, þrjú frá hverjum skóla en það voru þau Björgvin Guðmundsson, Jón Dagur Jónsson og Ylfa Elísabet Jónsdóttir frá grunnskólanum Stykkishólmi, Elín Una Eggertsdóttir, Friðrika Rún Þorsteinsdóttir og Hrefna Jónsdóttir frá grunnskólanum Snæfellsbæ og Hans Bjarni Sigurbjörnsson, Kjartan Jósepson og Rakel Rós Sigurðardóttir frá grunnskólanum Grundarfirði.

Sú skemmtilega hefð hefur verið undafarin ár að halda keppnina í kirkjum bæjarfélaganna og var engin breyting þar á þetta árið.

Það fór vel um nemendur sem kepptu í Grundarfjarðarkirkju en mörg hver voru að stíga stór skref með því að koma fram í keppninni, og stóðu þau sig öll með mikilli þryði.

Keppnin fer þannig fram að henni er skipt í þrjár umferðir, í þeirri fyrstu lásu keppendur samfellda sögu og lásu þau, hvert, einn hluta úr textanum Svipmyndir sem unnin er upp úr skáldsögunni Hetja eftir Björk Jakobsdóttur. Í annarri umferð fluttu nemendur ljóð að eigin vali eftir Braga Valdimar Skúlason og í þriðju og síðustu umferð fluttu nemendur ljóð að eigin vali.

Sigurvegari frá árinu 2023, Diljá Fannberg Þórsdóttir grunnskólanum Snæfellsbæ, flutti inngang um höfundana Björk Jakobsdóttur og Braga Valdimar Skúlason áður en flutningur á þeirra efni fór fram.

Tónlistaratriði kom frá tónlistarskólanum í Grundarfirði en það var Ísabella Ósk Davíðsdóttir sem flutti lagið Lítið næturljóð eftir Mozart.

Dómnefndin átti erfitt val fyr-



Berglind Elva
8. maí 2024 17:39

ir höndum en nefndina skipuðu Loftur Árni Björgvinsson Grundarfirði, Anna Ingibjörg Hallgrímsdóttir og Séra Ægir Örn Sveinsson Snæfellsbæ. Á meðan dómnefndin var að vinnu bauð Grunnskólinn í Grundarfirði upp á veitingar í safnaðarheimilinu.

Úrslitin voru eftirfarandi: Rakel Rós Sigurðardóttir í 1. sæti, Friðrika Rún Þorsteinsdóttir 2. sæti og Jón Dagur Jónsson 3. sæti

Dómnefndin afhenti viðurkenningsgjöld og fulltrúi Landsbankans Þórhalla H Baldursdóttir afhenti gjafakort frá bankanum.

Einstaklega vel heppnuð keppni og vil ég fyrir hönd Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga þakka öllum þeim sem komu að keppninni með einum eða öðrum hætti fyrir sitt framlag en þó sérstaklega vil ég þakka glæsilegum keppendum skólanna þriggja.

Berglind Elva Elísabetar
Tryggvadóttir

Náms- og starfsráðgjafi hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

Mugison á tónleikaferðalagi



Tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, er nú á tónleikaferðalagi um landið. Ferðalagið kallar hann tónleika-maraþon en hann stefnir á að spila í 100 kirkjum í 100 póstnúmerum á innan við ári. Ferðalagið hófst í byrjun apríl og nú þegar hefur hann spilað í 16 kirkjum í 16 póstnúmerum. Þann 17. maí mætti hann í póstnúmer 350 og söng og spilaði í Grundarfjarðarkirkju og 18. apríl hélt hann tónleika í Ólafsvíkurkirkju, póstnúmer 355. Segist Mugison lengi hafa verið heillaður af öll-

um kirkjunum á Íslandi, enda séu þær út um allt, í sveitum, bæjum og öllum hverfum. Hvert sem maður fer er kirkja, fallegar, dularfullar, kósý og spennandi. Hannaði hann svið, ljós og hljóðbúnað sem hentar vel til að spila í kirkjum og mætir hann einn á tónleikana með nokkur hljóðfæri auk þess sem eiginkona hans, Rúna Esradóttir, syngur með honum eitt lag. Vel var mætt á tónleikana á báðum stöðum og var mikil ánægja meðal tónleikagesta eftir flutninginn.

SJ



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111

Viðbót við Krílakot híð á grunninn

Þriðjudaginn 7. maí var mikill viðbúnaður á milli Rífs og Ólafsvíkur þegar ný viðbygging við leikskólann Krílakot var flutt á leikskólalóðina. Húsinu var komið fyrir á flutningabíl sem ekið var yfir til Ólafsvíkur í fylgd lög-reglu. Búið er að taka grunninn fyrir nýrri viðbyggingunni við leikskólann og húsinu komið fyrir þar á. Vakti það mikla athygli vegfar-enda þegar keyrt var með húsið í gegnum sveitarfélagið, þá helst ungra barna sem ráku upp stór augu og eltu flutningabílinn til að vera viss um að missa ekki af neinu. Á meðfylgjandi mynd fylg-ast börnin spennu með þegar verið er að hífa húsið yfir á grunninn.

SJ



Pikknikk í Stykkishólmi

Pikknikk „Án nafns“ fór fram fimmtudaginn 9. maí í Stykkishólmi. Skipuleggjendur viðburðarins voru Embætti Póllands í Reykjavík, Pólski hópur Jesteśmy W Kontakcie í Ólafsvík og kaþólska kirkja hins heilaga Frans í Stykkishólmi. Þessi fjölmenningarviðburður byrjaði um klukkan 14:00 með tónleikum hjá Janusz Prusinowski og Kompania. Annar atburður dagsins var að hlusta á sögur svæðisins okkar, sem Ragnhildur Sigurðardóttir sagði frá með kynningu sinni á ensku og íslensku. Síðan kom á svið fólk sem tók þátt



í hæfileikasýningu. Því pikknikk okkar hefur ekkert nafn, en það hefur hæfileika. Á pikknikkinu var einnig mögulegt að smakka svæð-

isrétti úr mismunandi löndum, grilla pylsur, spila leiki úti og njóta stundarinnar saman.

Hanna Imgront



Tap hjá Reyni

Hörður Í. mætti Reyni H. á Kerecisvellinum á Ísafirði síðastliðinn sunnudag. Leikurinn byrjaði ekki vel fyrir Reynismenn en leikmenn Harðar skoruðu 4 mörk í fyrri hálfleik. Reynir kom greinilega í baráttuhug í seinni hálfleik og náðu að halda markinu hreinu þangað til á 76. Mínu-útu en þá skoraði leikmaður Harðar lokamark leiksins. Leikurinn endaði því 5-0 Herði í vil. Næsti leikur Reynis H. verður miðvikudaginn 29. maí klukkan 20:00 á Ólafsvíkurvelli á móti SR. Allir bæjarbúar eru hvattir til að mæta og styðja við strákana á heimavelli í næstu viku.

JJ

Tónleikar í Grundarfjarðarkirkju

25. maí kl. 16:30

Kirkjukór Borgarness flytur fjölbreytta dagskrá

Stjórnandi og undirleikari er Jónína Erna Arnardóttir
Kirkjukór Grundarfjarðarkirkju flytur nokkur lög með kórnum

Enginn aðgangseyrir - Verið öll velkomin


Viðskiptahugmyndir á Vesturlandi

Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi, NýVest og Gleipnir stóðu saman að frumkvöðla- og fyrir-tækjamótinu Nýsköpun í Vestri þann 29. september 2023 og viðskiptahraðlinum Vesturbrú sem fram fór síðastliðinn vetur. Í tengslum við undirbúning þessara viðburða var framkvæmd skoðanakönnun. Markmiðið með könnuninni var að kanna viðhorf íbúa til nýsköpunar á Vesturlandi og kalla fram hugmyndir að tækifærum í atvinnulífinu. 1000 manns tóku þátt í könnuninni, og samtals voru 384 af þeim sem svöruðu annað hvort með viðskiptahugmynd eða áætlun um nýsköpun í rekstri. Flestar viðskiptahugmyndir tengdust þjónustu við ferðamenn og þegar viðhorf til tækifæra í mismunandi atvinnugreinum eða flokkum var greint niður á einstök sveitarfélög, kom í ljós að þær atvinnugreinar eða starfsemi sem


þegar er hefð fyrir, virðast helst eiga tækifæri á hverjum stað fyrir sig. Tilgangurinn með könnuninni var einnig að sjá hvaða hindranir væru til staðar og í ljós kom að helstu hindranir eru fólgnar í húsnæðisskortri, skipulagsmálum og fjármagni. Þá var spurt hvort stuðningur utanaðkomandi aðila gæti haft áhrif á að hugmyndin yrði að veruleika og í ljós kom að fjármagn, sveitarfélag og styrkjaaðstoð voru þeir þættir sem þátttakendur nefndu helst. Helga Guðjónsdóttir og Hrafnhildur Tryggvadóttir tóku saman niðurstöður skoðanakönnunarinnar í skýrslu sem má finna í heild sinni á heimasíðu SSV, Viðskiptahugmyndir á Vesturlandi. Þar kemur meðal annars fram að:

Snæfellsbær

Í Snæfellsbæ liggja mestu tækifærin í sjávarútvegi að mati þátt-



Snæfellsbær



Grundarfjörður

70 keppendur í boccia



Vesturlandsmótið í boccia fór fram í íþróttahúsinu í Ólafsvík föstudaginn 10. maí síðastliðinn. Mikið líf var í íþróttahúsinu þar sem 70 keppendur af Vesturlandi komu saman til að keppa. 20 sveitir tóku þátt í mótinu, tvær sveitir frá Snæfellsbæ, tvær frá Grundarfirði, þrjár frá Stykkishólmi, þrjár frá Hvammstanga, þrjár frá Borgarbyggð, fimm frá Akranesi og tvær

frá Mosfellsbæ. Leikið var í fimm riðlum, fjögur lið í hverjum riðli. Sigursælustu liðin fóru svo í úrslitakeppni og hrepptu skagarmenn 1. og 2. sætið og lið frá Borgarnesi tók bronsið. Mótið í ár var í umsjón Félags eldri borgara í Snæfellsbæ og var skipulag og utanumhald á mótinu til fyrirmyndar.

5J

takenda, sem er sú atvinnugrein sem fékk hæstu einkunn. Þar á eftir fylgja þjódgarður með og ferðaþjónusta. Orkuvinnsla fékk lægstu einkunn í Snæfellsbæ og næst lægstu einkunn fékk atvinnugreinin orkuskipti. Í Snæfellsbæ er rík hefð fyrir sjávarútvegi sem er mikilvæg atvinnugrein fyrir svæðið. Þjódgarður fær næst hæstu einkunn, og er rökrétt að áætla að þátttakendur í Snæfellsbæ sjái nú þegar jákvæð áhrif sem þjódgarðurinn Snæfellsjökull hefur í samfélaginu. Snæfellsbær sker sig algerlega úr þegar kemur að þessum flokki og er auðvitað eina sveitarfélagið sem hefur reynslu af því að innan sveitarfélagamarka sé svæði sem hefur fengið friðlýsingu sem þjódgarður. Nokkur umfjöllun hefur verið birt um jákvæð áhrif þjódgarðsins á svæðinu og að hann beinlínis dragi ferðamenn að, en athyglisvert er að þátttakendur úr nærliggjandi sveitarfélögum sjá ekki viðlíka tækifæri í þjódgarði. Ferðaþjónustan fær þriðju hæstu meðaleinkunn í Snæfellsbæ, og má ætla að þar sem Snæfellsnesið og þjódgarðurinn eru nú þegar mjög vinsælir ferðamannaðir,

þá sjái fólk tækifæri til enn frekari uppbyggingar ferðaþjónustu á svæðinu

Grundarfjörður

Í svörum þeirra sem búa í Grundarfjarðarbæ má sjá að mestu tækifærin liggja sjávarútvegi, ferðaþjónustu og heilsuellingu. Lægstu einkunn fékk atvinnugreinin orkuvinnsla og næst lægstu einkunn fengu þjódgarður og böð. Grundarfjarðarbær er samfélag við Breiðafjörð sem hefur byggst upp á sjávarútvegi og þjónustu við hann, og því má segja að eðlilega telji margir að tækifæri liggja í frekari uppbyggingu í þeirri atvinnugrein. Ferðaþjónusta skorar hátt þar líkt og annars staðar, og gera má ráð fyrir að komur skemmtiferðaskipa til bæjarins hafi sýnt fram á að ferðaþjónusta sé mikilvæg atvinnugrein á svæðinu og þar liggja eðlilega tækifæri. Hér má benda á að hvorki jöklaar eða þjódgarðar skora mjög hátt, jafnvel þótt að Grundarfjarðarbær sé næsti nágranni við Snæfellsbæ þar sem bæði jökull og þjódgarður hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Víkingur í öðru sæti í deildinni



Víkingur Ó. tók á móti Þrótti Vogum síðastliðinn laugardag. Góð mæting var á leikinn þrátt fyrir mikinn kulda en 110 áhorfendur voru í stúkunni. Luke Williams byrjaði leikinn af krafti þegar hann setti fyrsta mark leiksins á 20. mínútu úr víti. Mikil harka var í seinni hálfleik og áttu Víkingismenn fullt í fangi

með að halda markinu hreinu. Williams innsiglaði svo sigurinn þegar hann skoraði annað mark sitt á 88. mínútu. Víkingur Ó. er nú í öðru sæti í deildinni, tveimur stigum á eftir Selfossi. Þann 25. maí verður því toppslagur á Ólafsvíkuvelli þegar Víkingur tekur á móti Selfossi klukkan 15:00.

JJ



Ræstingar á húseignum Snæfellsjökulsþjóðgarðs

Umhverfisstofnun óskar eftir verktaka sem ber ábyrgð á daglegum ræstingum í Þjóðgarðsmiðstöð & Hellissandi, Gestastofu & Malarriði og salernum á Djúpalóni. Til greina kemur að ráða tvo verktaka, fyrir Þjóðgarðsmiðstöð og hins vegar fyrir Gestastofu & Malarriði ásamt salernum á Djúpalóni.

Um er að ræða daglega umsjón með salernum á Djúpalóni (4 salerni), Gestastofu & Malarriði (5 salerni) og Þjóðgarðsmiðstöð & Hellissandi (10 salerni) ásamt almennum ræstingum á gestastofum og skrifstofu þjóðgarðsins.

Umhverfisstofnun leggur til áhöld til ræstinga, moppur, þveгла og efni til ræstinga. Verktaki þarf að hafa til umræða bifreið.

Verktaki ber ábyrgð á daglegum ræstingum alla daga ársins, á sinni eigin kennitölu og vinnur í nánu samstarfi við forsvarsmenn Snæfellsjökulsþjóðgarðs.

- Æskilegt að verktaki hafi reynslu af ræstingum.
- Skilyrði að verktaki hafi ökuþröf.
- Æskilegt að verktaki geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veita:
Hákon Ásgeirsson, Þjóðgarðsvörður, hakon.asgeirsson@umhverfisstofnun.is
Rut Ragnarsdóttir, Stjórastuðgjafi, rut.ragnarsdottir@umhverfisstofnun.is

Frestur til að senda inn tilboð er 28.maí n.á.



CFsnb 5 ára

Crossfit stöðin CF Snb hélt upp á afmæli stöðvarinnar 18. maí en þá voru 5 ár frá opnun stöðvarinnar og fyrsta grunnnámskeiðinu í Crossfit í Snæfellsbæ. Vinkonurnar Kristfríður Rós Stefánsdóttir og Gestheiður Guðrún Sveinsdóttir opnuðu stöðina upphaflega saman ásamt þeim Jóni Steinar Ólafssyni og Heimi Þór Ásgeirssyni. Í upphafi árs 2023 varð breyting á eignarhaldi fyrirtækisins og hafa Kristfríður Rós og Jón Steinar rekið stöðina síðan þá. Hugmyndin um að opna Crossfitstöð í Snæfellsbæ kom upp þegar Kristfríður og Gestheiður voru báðar að klára nám í háskólanum og hugurinn fór að leita heim. Það sem byrjaði sem hugmynd vatt fljótt upp á sig og í dag er stöðin full af duglegum iðkendum. Lítið samfélag hefur myndast innan stöðvarinnar en 190 meðlimir eru í stöðinni með öllum námskeiðum og yoga meðtöldu. Tímataflan er fjölbreytt og boðið er upp á 15 tíma í töflu yfir haust- og vetrartímamann auk fjögurra námskeiða, mömmufit, krakkafit, eldrafit og konufit en unglíngafit bætist svo við eftir sumarið. Þá er



Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir með yoga í stöðinni og mun hún svo byrja með bandvefslosun í haust. WOD æfingar eru í boði þrisvar á dag á virkum dögum, auglýstar paraæfingar og fjölskyldutímar um helgar, Grunnskóli Snæfellsbæjar hefur nýtt sér aðstöðuna í valáfanga og 2. flokkur kvenna í fótbolta tekur styrktaræfingar þar. Ungbarnasundið bætist nýlega við og svo byrja

Barre tímar í heitum sal bráðlega sem er sambland af HotFit og Pilates þar sem unnið á litlu vöðvahópnum bæði í efri og neðri bók, með áherslu á kvið og djúpar teygjur í lokin. Tímataflan og aðstaðan er í stanslausri þróun og mikill metnaður lagður í reksturinn. Stöðin á Rífi hefur aukið fjölbreytileika félagslífs á svæðinu og stuðlar að aukinni samheldni bæjarbúa á öllum aldri.

Haldið var upp á afmæli stöðvarinnar með paraæfingu laugardaginn 18. maí þar sem öflugir iðkendur tóku á því. Forsetaframbjóðandinn Baldur Þórhallsson mætti í stöðina og tók afmælisæfingu með hópnum og svo buðu aðstandendur CF Snb upp á kökur að æfingunni lokinni.

SJ

TILBOÐ Á HEIMILISTÆKJUM OG SJÓNVÖRÐUM Í VOOT

SATQ65LS03BGUXXC

Samsung 65" Frame QLED sjónvarp (2023)

~~349.990 kr~~ **249.990 kr**

Breyttu sjónvarpinu þínu í myndasafn með fallegum listaverkum

Mattur skjárin kemur í veg fyrir endurkast. Veggfesting og One Connect box fylgir með, aðeins snúra í sjónvarpið!

Tizen stýrikerfi: Netflix, Disney+, Sjónvarp Símans o.m.fl.

SATU85CU7105KXX

Samsung 85" CU7105 LED sjónvarp (2023)

~~319.990 kr~~ **199.990 kr**

Crystal UHD Smart TV

Motion Xcelerator - Skerpir myndina og stillir rammanna (FPS) af þegar verið er að spila tölvuleiki.

Hjóð 20W

Orkuflökur G

SATQ55Q65CAUXXC

Samsung 55" Q65C QLED sjónvarp (2023)

~~159.990 kr~~ **119.990 kr**

4K UHD QLED snjallsjónvarp

Quantum Processor Lite 4K

Tizen stýrikerfi - Netflix, Disney, Nova, Sjónvarp Símans o.m.fl.

3x 2.1 HDMI tengi

SATU65CU8005KXXC

Samsung 65" CU8005 LED sjónvarp (2023)

~~189.990 kr~~ **139.990 kr**

Crystal UHD Smart TV

Motion Xcelerator - Skerpir myndina og stillir rammanna (FPS) af þegar verið er að spila tölvuleiki.

Hjóð 20W

Orkuflökur G

SATQ85LS03BGUXXC

Samsung 85" Frame QLED sjónvarp (2023)

~~699.990 kr~~ **499.990 kr**

Breyttu sjónvarpinu þínu í myndasafn með fallegum listaverkum

Settu þinn stíl á sjónvarpið með á þinn hátt með útskiptanlegum rammna

Mattur skjárin kemur í veg fyrir endurkast. Veggfesting og One Connect box fylgir með, aðeins snúra í sjónvarpið!

Tizen stýrikerfi: Netflix, Disney+, Sjónvarp Símans o.m.fl.

Í ÞVOTTAHÚSIÐ



AEG ÞURRKARI
TR934N85C
8KG M.VARMADÆLU

AEG ÞVOTTAVÉL
LR734H86L
8KG 1600SN

Rétt verð 358.800,- **TILBOÐ 279.900,-**

Í ELDHÚSIÐ



AEG SPANHELLUBORÐ
IKB64301FB

AEG VEGGOFN
BCK456220B SVARTUR

Rétt verð 249.800,- **TILBOÐ 179.800,-**



Ólafsbraut 19
Sími 436 1214
olafsvik@voot.is
www.voot.is

ORMSSON